

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, 167
getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti 14. sept.
eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miðað
við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heim-
taugagjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem
fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrir-
huguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samþykkt, stað-
festist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast
gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

168

17. sept.

um löggilding lyfjaskrár fyrir dýralækna.

Með auglýsingu nr. 72, útgefinni 14. júlí 1950, um löggilding nýrrar lyfja-
skrár, samkvæmt ákvörðun forseta Íslands 13. júlí 1950, er ákveðið að Pharma-
copoea Danica 1948 (Editio IX) skuli löggilt til notkunar á Íslandi frá 1. jan. 1951.

Löggilding þessi gildir um nefnda lyfjaskrá alla, með þeim viðbótum, sem út
hafa verið gefnar, þar á meðal Addendum veterinarium, sem út var gefin 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

169

19. sept.

um varnir gegn útbreiðslu hnúðorma í kartöflum.

1. gr.

Bannað er að flytja kartöflur af hinu sýkta svæði, sem talið er ná frá Mýrdals-
sandi um Suður- og Suðvesturland að Skarðsheiði, til annarra landshluta.

2. gr.

Á hinu sýkta svæði er bannað að geyma útsæði með matarkartöflum í félags-
geymslum, án þess það sé einangrað frá matarkartöflunum.

Ef útsæði er geymt í slíkum geymslum, skal því komið fyrir vandlega að-
greindu, enda sé geymslustaður sótthreinsaður áður en útsæðið er tekið til geymslu,
ef geymslan hefur áður verið notuð til geymslu kartaflna.